

Fundargerð stjórnar BÍS 02/2011.

Skátamiðstöðinni Hraunbæ 123, miðvikudaginn 26. janúar 2011 kl. 17:30

Mættir:

Bragi Björnsson, skátahöfðingi, Hallfríður Helgadóttir, aðstoðarskátahöfðingi, Finnbogi Finnbogason, gjaldkeri, Hulda Sólrún Guðmundsdóttir, formaður alþjóðaráðs, Margrét Vala Gylfadóttir, formaður fræðsluráðs, Jón Ingvar Bragason, formaður dagskrárráðs, Benjamín Axel Árnason, formaður upplýsingaráðs, Jón Þór Gunnarsson, starfandi formaður alþjóðaráðs, Hermann Sigurðsson, framkvæmdastjóri og Júlíus Aðalsteinsson, félagsmálastjóri.

Dagskrá:

1. Setning: BB bauð fundarmenn velkomna.
2. Fundargerð síðasta fundar: Samþykkt.
3. Starfsyfirlit skrifstofu, alþjóðaráðs, landsmótsstjórnar og fundargerðir fararstjórnar Jamboree, afmælisársnefndar og Úlfjótswatnsráðs: Lágu frammi.
4. Fundur með utanríkisráðherra: JA sagði frá fundi sem hann og PAM áttu með Össuri Skarphéðinssyni, utanríkisráðherra 13. janúar sl. Fundurinn var haldinn til að fylgja eftir ósk um stuðning við undirbúning WSM 2017. Ráðherra tók vel í beiðnina og benti okkur á mikilvægi þess að ná stuðningi fleiri ráðuneyta sem málið snerta.
5. Úlfjótswatn: FF fór yfir drög að samþykktum fyrir einkahlutafélag um Úlfjótswatn. Samþykkt að FF vinni málið áfram á þessum nótum. HS skýrði frá því að góður rekstrarangur hefði náðst á árinu 2010 og gert væri ráð fyrir að ljúka stórum viðhaldsverkefnum nú á þessu ári.
6. Félagsforingjafundur: Lokið er fundum á Akureyri og í Borgarnesi og tókust þeir vel.
7. Önnur mál
 - a. Heiðursmerki: Þóru I. Guðnadóttur og Ragnheiði Ragnarsdóttur, fyrrverandi starfsmönnum skrifstofu BÍS, var veittur Þórshamarinn úr bronsi á Uppskeruhátíð BÍS 19. janúar.
 - b. Starfsmannamál: HS fór yfir starfsmannamál.
 - c. Uppstillingarnefnd: BB sagði frá því að nefndin muni hittast í næstu viku. BAÁ upplýsti að hann muni gefa kost á sér til endurkjörs.

Umræðuefni: Heimsþing: BB+HSG+JIB+HS fóru yfir helstu mál þingsins.

Fleira ekki rætt

Fundi slitið kl. 18:55 og hófst þá félagsforingjafundur í Skátamiðstöðinni.

Fundargerð ritaði JA.